



**U S T**

**Umhverfisstofnun**

*Environment and Food Agency of Iceland*

☒ Suðurlandsbraut 24  
IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

[umhverfisstofnun@ust.is](mailto:umhverfisstofnun@ust.is)

[www.umhverfisstofnun.is](http://www.umhverfisstofnun.is)

Landslag ehf  
Ómar Ívarsson  
Skólavörðustíg 11, 3. hæð  
101 Reykjavík

Reykjavík, 12. nóvember 2007

Tilvísun: UST20071000057/ksj

### **Aðalskipulag Sveitarfélagsins Voga 2007-2027, vinnslutillaga.**

Vísað er til erindis frá Ómari Ívarssyni hjá Landslagi ehf, er barst þann 05.10 síðastliðinn þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um vinnslutillögu Aðalskipulags Sveitarfélagsins Voga 2007-2027.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við erindið

Í vinnslutillöggunni eru góð áform og fram kemur metnaður um að byggja upp fjölbreytt þjónustusvæði og íbúðarbyggðir, og einnig er vel hugsað fyrir verndun mikilvægra náttúruminja. Umhverfisstofnun tekur undir áform um hverfisvernd, og telur rétt mat að með því að halda 200 metra belti meðfram ströndinni lítt byggðu er bæði unnið gegn flóðahættu og mun líklega auka heildaverðmæti lands í sveitarfélaginu til búsetu, eins og fram kemur í vinnslutillöggunni, enda er að hluta til 500 metra breitt belti meðfram ströndinni á náttúruminjaskrá.

Náttúruminjar.

Í landi Voga á Vatnsleysuströnd eru mörg svæði sem eru á náttúruminjaskrá. Þau eru öll tiltekin í vinnslutillöggunni.

Á bls. 21 í greinargerð er talað um iðnaðarsvæði við Flekkuvík, sem svæði I-4. Á meðfylgjandi uppdrætti er aðeins örnefnið Stekkjarvíkur.

Einnig er talað um höfn við Flekkuvík HÖ2. Þarna væri skýrara aflestrar ef örnefnið Flekkuvík væri á uppdrætti.

Umhverfisstofnun bendir á að hún hefur tekið við starfsemi Náttúruverndar ríkisins sbr. bls. 27 þar sem fjallað er um frágang á efnisnámmum.


Á bls. 33 er umfjöllun um frístundabyggð á svæði F-2. Umhverfisstofnun tekur undir að æskilegt er að deiliskipulag verði unnið fyrir svæðið enda er stór hluti þess á svæði sem er á náttúruminjaskrá, (svæði númer 111) og allt svæðið á vatnsverndarsvæði.

Umhverfisstofnun biðst velvirðingar á hve lengi hefur dregist að svara erindinu.

Virðingarfyllst



Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur



Helgi Þennsson  
Forstöðumaður